

Jafnréttisáætlun

Júní 2023


Tónskóli Sigursveins

Engjateigi 1, 105 Reykjavík

Jafnréttisáætlun Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar

3. útgáfa 2023

Jafnréttisáætlun Tónskóla Sigursveins byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (jafnréttislög). Jafnréttisáætlunin á annars vegar við um skólann sem vinnustað og hins vegar skólann sem menntastofnun. Skólinn sem vinnustaður tryggir starfsfólki réttindi sem kveðið er á um í lögnum og sem menntastofnun tryggir hann réttindi nemenda.

Inngangur

Tónskóli Sigursveins leggur áherslu á jafnrétti einstaklinga með mannréttindi og margbreytileika að leiðarljósi. Stefna skólans er er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli og að allir, nemendur og starfsmenn, njóti jafns réttar án tillits til kyns. Þannig verði tryggt að mannauður skólans nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna skólans að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós. Tónskóli Sigursveins er samfélag nemenda og forráðamann þeirra, kennara og annarra starfsmanna þar sem jafnræði og virðing ríkir í öllum samskiptum. Markmið jafnréttisáætlunar skólans er að tryggja jafnrétti karla og kvenna innan skólans með markvissum aðgerðum og hvetja til virkrar umræðu um jafnréttismál á öllum sviðum skólastarfsins. Með því vill Tónskóli Sigursveins stuðla að því að mannauður hans – hæfileikar starfsmanna og nemenda, njóti sín sem best.

1. hluti: Starfsfólk

Tónskóli Sigursveins leggur áherslu á jafnrétti einstaklinga með mannréttindi og margbreytileika að leiðarljósi. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk að þeim sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja að jöfnu í skólastarfinu og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum.

1. Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu laun ákveðin á sama hátt fyrir fólk af öllum kynjum. Konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu skulu hafa jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf sbr. 6. grein jafnréttislaga.

6.gr. Almenn ákvæði um launajafnrétti.

Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni.

Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun.

Starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys að gera svo.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konur og karlar fá sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Laun eru greidd eftir launatöflu FT og FÍH.	Skólastjóri	Viðvarandi

2. Stöðuveitingar, endurmenntun og símenntun

Tónskóli Sigursveins tekur við starfsumsóknnum á faglegum forsendum óháð kyni.

Jafnréttissjónarmið eru alltaf metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem litið er til við stöðuveitingar og leitast við að hafa kynjahlutföll sem jöfnust í sambærilegum störfum innan skólans. Við tilfæringar í starfi og úthlutun verkefna skal taka mið af sömu sjónarmiðum.

Kynjahlutföll kennara í Tónskóla Sigursveins eru haustið 2023 þ.a. 57,8% eru konur og 42,2% karlar. Stjórnendur eru átta, þ.e. skólastjóri, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar. Þar af eru sex konur og tveir karlar.

Tónskóli Sigursveins leitast við að bjóða upp á fjölbreytt símenntunarprógram og veita öllu starfsfólki sínu svigrúm til að sækja sér endur- og símenntun sbr. 12. grein Jafnréttislaga.

12. gr. *Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.*

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, sbr. þó 2. mgr. 16. gr.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur, karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Umsækjendur um störf séu eingöngu metnir út frá faglegum viðmiðum. Þegar velja þarf á milli umsækjenda sem eru jafnhæfir skal velja það kyn sem hallar á til að jafna kynjahlutföllin.	Við auglýsingu starfa séu bæði karlar og konur hvött til að sækja um. Auglýsingar skulu vera í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.	Skólastjóri	Þegar störf losna
Allir þeir sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun óháð kyni.	Hugur starfsfólks til símenntunar er skoðaður á kennarafundum á hausti.	Skólastjóri	Að hausti og vori

4. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Vegna einsetningu grunnskóla er vinnutími tónlistarkennara kominn langt út fyrir það sem telst fjölskylduvænt. Margir hverjir geta ekki hafið kennslu fyrr en eftir hádegi og eru að kenna fram að/yfir kvöldmatartíma. Foreldrar vilja gjarnan að börn þeirra fái að stunda tónlistarnám innan hins hefðbundna skólatíma, sér í lagi yngri nemendur sem eru í grunnnámi á hljóðfæri sitt. Tónskóli Sigursveins vill gjarnan taka þátt í slíku samstarfi til að koma á mótis við óskir foreldra og til þess að gefa kennurum sínum kost á að vinna á eðlilegum dagvinnutíma og gera skólann að fjölskylduvænum vinnustað. Almennt séð er þó ekki gert ráð fyrir aðstöðu fyrir tónlistarskóla í hönnun og viðbyggingum við grunnskóla borgarinnar. Tónskóli Sigursveins hefur þó samstarf við nokkra grunnskóla þ.e. Breiðagerðisskóla, Dalskóla, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og Suðurhlíðaskóla. Í einhverjum þeirra er nemendum kennt á kennslutíma skólanna. Til þess að svo megi verða verður: a) aðstaða að vera fyrir hendi í viðkomandi grunnskóla b) að koma ósk og samþykki frá foreldrum c) að liggja fyrir samþykki umsjónarkennara og skólastjóra í viðkomandi skóla.

13. gr. *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs.*

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að

samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu, óháð kyni. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa atvinnulífs, þ.m.t. að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna brýnna fjölskylduaðstæðna.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar gagnvart fjölskyldu.	Kennarar skólans kenni úti í grunnskólunum á skólatíma eins og við verður komið.	Skólastjóri	Árlega

5. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Allt starfsfólk og nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að enginn sæti kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni. Gerendur og þolendur geta verið hvort sem er konur eða karlar.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.

Kynbundin áreitni er hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu.

14. gr. Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótt- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemandur og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að kennarar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Starfsmenn umgangist hvern annan af virðingu og tillitssemi. Umræða um málefnið á kennarafundum.	Allir starfsmenn	Allt skólaárið

<p>Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.</p>	<p>Kennarar fái fræðslu/fyrirlestur um kynbundið ofbeldi og áreitni og kynferðislega áreitni í skólum.</p> <p>Skólastarf Tónskólans er opið foreldrum. Í sumum deildum t.d. Suzuki mæta foreldrar alltaf með í spilatíma.</p> <p>Umræða um málefnið á kennarafundum.</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Skólaárið 2023-24</p> <p>Allt skólaárið</p>
---	--	--------------------	--

2. hluti: Nemendur

Tónskóli Sigursveins stendur öllum opinn, börnum jafnt og fullorðnum, óháð kyni, kynþætti, aldri, getu, fötlun, trú eða öðrum mannlegum þáttum umsækjenda. Ekki er krafist inntökuprófs við skólann en ekki er hægt að veita fleiri nemendum inngöngu en fjárhagslegur stuðningur Reykjavíkurborgar leyfir. Skólastarf í anda jafnréttis á að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda og leitast skal við að hafa námið einstaklingsmiðað. Tækifæri nemenda eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum, færni og þeirri vinnu og alúð sem þeir setja í námið.

Skólaárið 2021-22 var kynjahlutfall nemenda 40% drengir, 59 % stúlkur og 1% ókyngreindir. Kynjahlutfallið í forskólanum er nánast það sama. Áhugi stúlkna á tónlist virðist vakna fyrir en drengja og hlutfallið í forskólanum verður strax drengjum í óhag. Ástæðan gæti einnig verið að foreldrar sendi frekar stúlkur í tónlistarnám en drengi en erfitt er um það að segja. Ekki liggja fyrir tölur um það hvort drengirnir eða stúlkur hætta fyrir í tónlistarnámi. Skólinn mun kanna nánar hvernig á þessu kynjamun stendur með það fyrir augum að vekja meiri áhuga drengja fyrir tónlistarnámi. Sum hljóðfæri virðast ennþá vekja meiri áhuga stúlkna og önnur meiri áhuga drengja þótt mörg þeirra séu mjög blönduð. Yfirgnæfandi meirihluta nemenda á t.d. þverflautu, fiðlu og hörpu eru stúlkur en drengir eru í meirihluta á rafgítar og slagverk.

15. gr. Menntun og skólastarf.

- Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi.*
- Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.*
- Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.*

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að mæður og feður taki jafnan þátt í skólasterfinu.	Báðir foreldrar eru hvattir til að mæta í foreldraviðtöl, til að æfa með nemendum heima og til að mæta með nemendum í tíma eftir því sem við á og á tónleika.	Kennarar og deildarstjórar	Allt skólaárið
Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Sama námsefni er notað fyrir stúlkur og drengi í tónlistarnámi, bæði í hljóðfæranámi og í tónfræðigreinum.	Kennarar	Allt skólaárið
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólasterfinu.	Stefnum að því að hafa verk eftir kvenkyns tónskáld á sem flestum tónleikum þótt það geti reynst snúið þar sem klassísku tónbókmenntirnar eru yfirleitt eignaðar körlum.	Kennarar	Allt skólaárið
Jafna fjölda stúlkna og drengja í skólanum.	Forskólanemendur fá góða hljóðfærakynningu til þess að reyna að losna undan kynbundnu vali á hljóðfæri. Gera könnun hvort strákar hætti fyrr í tónlistarnámi eða hvort ástæðan sé aðeins sú að foreldrar sendi færri drengi í tónlistarnám.	Kennarar og deildarstjórar Aðstoðarskólastjórar	Allt skólaárið Vor 2023

Um gerð Jafnréttisáætlunar Tónskóla Sigursveins

Þetta er önnur endurskoðun á Jafnréttisáætlun Tónskólans. Fyrsta Jafnréttisáætlun Tónskólans var gerð í október 2015.

Jafnréttisnefnd og endurskoðun jafnréttisáætlunar

Skólar eru lifandi samfélög í stöðugri framrás og mótun. Jafnréttisáætlun þessi þarf því að endurmeta reglulega eftir þörfum og tíðaranda eða uppfæra miðað við lagabreytingar.

Jafnréttisnefnd Tónskóla Sigursveins skipa Diljá Sigursveinsdóttir, Elfa Lilja Gísladóttir og Þorvaldur Már Þorvaldsson.

Ábyrgðarmaður Jafnréttisstefnu Tónskóla Sigursveins er Júlíana Rún Indriðadóttir, skólastjóri

Við gerð áætlunarinnar eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- heimasíða Jafnréttisstofu <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=252>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr 150/202
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>
- **mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, sér í lagi 2. kafla gr. 2.2 um jafnrétti kynjanna hjá Reykjavíkurborg sem atvinnurekanda**
http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/mannr_ttindaskrifstofa/skjol/Lokastefnan_endursko_u_-_tilb._fyrir_vef.pdf
- siðareglur kennara
- barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- viðhorf og stefna Sigursveins D. Kristinssonar, stofnanda Tónskóla Sigursveins þar sem mannréttindi og jafnræði voru í hávegum höfð. Stjórnendur skólans hafa kappkostað að hafa sjónarmið hans að leiðarljósi í skólastarfinu.
- Jafnréttisstefna Listaháskóla Íslands
- Jafnréttisáætlun Tónlistarskóla Hafnarfjarðar